

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu á Austur-Héraði.**

1. gr.

Bæjarstjórn Austur-Héraðs er heimilt að leggja á sorphirðugjöld skv. 8. og 9. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Austur-Héraði, nr. 461/2002 og í samræmi við 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

2. gr.

Árlegt sorphirðu- og förgunargjald vegna heimilisúrgangs frá íbúðum og fyrirtækjum skv. 4. og 5. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Austur-Héraði er sem hér segir:

- A. Á hverja íbúð í þéttbýli og á lögbyli eða íbúðarhús utan þéttbýlis, enda sé einn eða fleiri einstaklingar skráðir þar til lögheimilis, svo og á hvert fyrirtæki, kr. 13.350.
- B. Á hvert frístundahús, sorpförgunargjald, kr. 5.340.

3. gr.

Gjald sem ákvarðað er af bæjarstjórn samkvæmt tillögum Sorpeyðingar Miðhéraðs vegna förgunar annars sorps en heimilissorps, þ.e. framleiðsluúrgangs frá fyrirtækjum og stofnunum, sbr. 7. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Austur-Héraði, fer eftir vigt og er innheimt af sveitarfélaginu.

4. gr.

Gjald fyrir sorphirðu samkvæmt 2. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem var staðfest af Heilbrigðiseftirliti Austurlands 13. janúar 2003 og samþykkt af bæjarstjórn Austur-Héraðs sama dag, er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og heimild í 8. og 9. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Austur-Héraði nr. 461/2002, til að öðlast gildi við birtingu.

*Egilsstöðum, 16. apríl 2003.*

**Þórhallur Pálsson,**  
forstöðumaður umhverfissviðs Austur-Héraðs.